



Fréttatilkynning  
22 January 2025 17:20:00 GMT

## Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – lok umferðar

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka hf. sem birt var 17. desember 2024 um áframhaldandi framkvæmd endurkaupaáætlunar á eigin bréfum sem upphaflega var tilkynnt um 14. júní 2024. Það sem af er viku 4 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 998.354 eigin hluti að kaupverði alls kr. 121.324.219 eins og nánar er greint í þessari tilkynningu.

Það sem af er viku 4 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 998.354 eigin hluti að kaupverði alls kr. 121.324.219 eins og nánar er greint frá hér á eftir:

Dagsetning	Tímasetning viðskipta	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr)	Eigin hlutir eftir viðskipti
20.1.25	10:21:34	150.000	121,00	18.150.000	110.685.857
20.1.25	12:36:58	150.000	120,75	18.112.500	110.835.857
20.1.25	14:55:52	130.000	121,00	15.730.000	110.965.857
21.1.25	13:28:27	200.000	121,50	24.300.000	111.165.857
21.1.25	14:49:42	230.000	121,50	27.945.000	111.395.857
22.1.25	11:15:29	138.354	123,50	17.086.719	111.534.211
	<b>Samtals</b>	<b>998.354</b>		<b>121.324.219</b>	

Fyrir framangreind viðskipti í viku 4 átti bankinn 110.535.857 hluti, sem nemur 5,53% af útgefnum hlutum.

Þessari umferð endurkaupa, sem tilkynnt var um í kauphöll þann 17. desember 2024, er nú lokið. Samkvæmt framangreindri tilkynningu var áætlað að kaupa allt að 10 milljón hluti sem jafngildir 0,50% af útgefnu hlutafé bankans, þó þannig að heildarfjárhæð endurkaupanna að þessu sinni verði aldrei meiri en samtals kr. 1.000.000.000.

Í þessari umferð endurkaupa keypti bankinn 8.091.012 hluti, sem nemur 0,40% af útgefnum hlutum og nemur heildarkaupverð eigin hluta samtals kr. 999.999.989 í umferðinni. Framangreindu hámarki heildarfjárhæðar endurkaupa er því náð í þessari umferð.

Frá upphafi endurkaupa í febrúar 2023 hefur bankinn keypt samtals 111.534.211 eigin hluti eða sem nemur 5,58 % af útgefnum hlutum í bankanum.



Fréttatilkynning  
22 January 2025 17:20:00 GMT

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596 /2014 og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglugerðar nr. 320/2022 um sama efni. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirbyggjandi.

**Frekari upplýsingar veita:**

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is)

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, [pr@islandsbanki.is](mailto:pr@islandsbanki.is)

**Viðhengi**

[Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – lok umferðar](#)